



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland

Minjavörður Austurlands

Bakka 1
765 Djúpavogi

Djúpavogshreppur
Páll Jakob Líndal
Skipulagsfulltrúi
Bakka 1
765 Djúpivogur

Djúpivogur, 19. desember 2018
MÍ201811-0053/ 6.09 / Þ.E.H.

Efni: Fossárvík í Berufirði, Djúpavogshreppur - lýsing á deiliskipulagstillögu

Með tölvubréfi dagsett 14. nóvember síðastliðinn óskaði Páll Jakob Líndal, fyrir hönd Djúpavogshrepps, eftir umsögn Minjastofnunar Íslands um deiliskipulagslýsingu fyrir Fossárvík. Meðfylgjandi fylgdi greinagerð skipulagslýsingar unnin af Teiknistofunni ASK, dagsett í október 2018. Samhliða deiliskipulagslýsingunni var lögð fram lýsing á breytingu á aðalskipulagi Djúpavogshrepps. Markmið uppbyggingar við Fossárvík miðar fyrst og fremst að því að tryggja öryggi þeirra gesta sem heimsækja svæðið auk þess að bæta innviði og aðgengi með bílastæðum, útsýnissvæðum og merktum gönguleiðum.

Samkvæmt 16. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 skal skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fara fram áður en gengið er frá aðal- eða deiliskipulagi. Gera þarf því grein fyrir menningarminjum; fornleifum, húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar og má finna á skipulagssvæðinu. Fornleifaskráning hefur verið gerð fyrir Fossárvík af Fornleifastofnun Íslands ses., *Fossárvík í Berufirði. Aðalskráning fornleifa á Eyjólfstöðum og Eiríksstöðum og fornleifaskráning vegna deiliskipulagsreits við neðsta hluta Fossár* (lokaskýrsla útgefin árið 2018, FS717-18141). Alls voru 15 fornleifar skráðar innan deiliskipulagsreitsins.

Bent er á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 kemur fram:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Vakin er athygli á því að skv. 51 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 eru ákvarðanir Minjastofnunar Íslands skv. 20., 23., 24., 28., 42. og 43 gr. sömu laga endanlegar á stjórnslustigi og ekki kærnanlegar til æðra stjórnvalds. Jafnframt er vakin athygli á því að skv. 21. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 getur aðili máls óskað eftir skriflegum rökstuðningi stjórnvalds fyrir ákvörðun hafi slíkur rökstuðningur ekki fylgt ákvörðuninni þegar hún var tilkynnt. Beiðni um rökstuðning fyrir ákvörðun skal bera fram innan 14 daga frá því að aðila var tilkynnt ákvörðunin og skal stjórnvald svara henni innan 14 daga frá því hún barst.

**Puríður Elísa
Harðardóttir**
Minjavörður Austurlands
thuridur@minjastofnun.is

Taka þarf því fullt tillit til menningarminja innan svæðisins og mælst er til með að útfærsla skipulagsins taki mið af þeim. Ekki liggja fyrir upplýsingar um friðuð, friðlýst eða umsagnarskyld hús innan skipulagssvæðisins.

Minjastofnun Íslands minnir á að við útfærslu skipulagsins þarf að taka fullt tillit til menningarminja innan svæðisins en þær njóta meðal annars 15m friðhelgi og er óheimilt að raska þeim á nokkurn hátt án leyfis stofnunarinnar. Skráðar minjar og útlínur þeirra skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna. Stofnunin minnir einnig á að deiliskipulagstillagan þarf að berast stofnuninni til umsagnar þegar hún liggur fyrir og minjavörður mun í kjölfarið taka skipulagssvæðið út á vettvangi.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Mikilvægt er að hafa í huga að þótt ekki sjáist til fornleifa á yfirborði kunna mannvistarleyfar að leynast undir sverði. Rétt er því að vekja athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 en þar segir:

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Virðingarfyllst,



Þuríður Elísa Harðardóttir
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:

Skipulagsstofnun (skipulag@skipulag.is)

Skipulagsfulltrúi Djúpavogshrepps (skipulag@djupivogur.is)

Sveitarstjóri Djúpavogshrepps (gauti@djupivogur.is)